

Alþingi
Erindi nr. P 132/896
komudagur 17.2.2006

• THE WRITERS' UNION OF ICELAND • ISLANDS FORFATTERFORBUND • VERBAND ISLÄNDISCHER SCHRIFTSTELLER •

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík


Gunnarshúsi 16. febrúar 2005

Umsögn um frumvarp til laga um Ríkisútvarpið hf., 401. mál.

Rithöfundasambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um Ríkisútvarpið hf. og gerir eftirfarandi athugasemdir við það:

Rithöfundasambandið er hlynnt því nú sem fyrr að Ríkisútvarpið gegni hlutverki sínu sem þjóðarútvarp og telur því brýnt að í lögunum séu skýr ákvæði um að ekki megi selja það í hendur einkaaðilum. Sambandið leggst ekki gegn því að frumvarpið verði samþykkt en leggur áherslu á að með hlutafélagsvæðingunni sé ekki verið að stíga skref í átt að einkavæðingu einnar mikilvægustu menningarstofnunar þjóðarinnar.

Rithöfundasambandið vill einnig árétta að í frumvarpinu er ekki kveðið nógu skýrt að orði um menningarlega skyldu Ríkisútvarpsins og hlutverk þess í að efla og halda úti metnaðarfullri innlendri dagskrárgerð. Það hlýtur að teljast meginhlutverk Ríkisútvarps að beita sér fyrir vandaðri, íslenskri dagskrárgerð sem einkareknar stöðvar hafa ekki tök á að sinna og á það bæði við um hljóðvarp og sjónvarp.

Virðingarfyllt,
f.h. Rithöfundasambands Íslands

Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson, formaður